Afmæli

DV

Guðlaug Þórhallsdóttir

Guðlaug Þórhallsdóttir, fyrrv. húsfreyja að Breiðavaði í Eiðaþinghá, er sjötíu og fimm ára í dag.

Starfsferill

Guðlaug fæddist að Breiðavaði og ólst þar upp í föðurhúsum við öll almenn sveitastörf þess tíma. Hún var þriggja ára að aldri þegar hún missti móður sína.

Guðlaug lauk námi frá Alþýðuskólanum á Eiðum.

Guðlaug og maður hennar hafa búið allan sinn búskap á Breiðavaði og nú seinni árin félagsbúi með syni sínum og tengdadóttur.

Guðlaug hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sveit sína og Kvenfélagasamband Austurlands.

Fjölskylda

Guðlaug giftist 24.7. 1948 Jóhanni Magnússyni frá Uppsölum í Eiðaþinghá, f. 8.4. 1918, b. á Breiðavaði. Foreldrar hans voru Ásthildur Jónasdóttir frá Helgafelli í Helgafellssveit og Magnús Jóhannsson frá Drápuhlíð í Helgafellssveit.

Guðlaug og Jóhann eiga fjóra syni. Þeir eru Jónas Þór, f. 11.7. 1949, framkvæmdastjóri UÍA, kvæntur Öldu Hrafnkelsdóttur húmóður; Magnús, f. 4.9. 1952, vegaverkstjóri, Breiðavaði, en kona hans er Alda Guðbrandsdóttir húsmóðir og eiga þau fjórar dætur; Ragnar, f. 23.9. 1953, verslunarmaður í Reykjavík, og á hann einn son; Jóhann Gísli, f. 5.4. 1960, b. á Breiðavaði, en kona hans er Ólöf Ólafsdóttir og eiga þau þrjár dætur.

Guðlaug á einn bróður, Borgþór Þórhallsson, f. 4.1. 1921, fyrrv. starfsmann hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, en hann er kvæntur Sveinbjörgu Eyþórsdóttur og eiga þau fjögur börn.

Foreldrar Guðlaugar: Þórhallur Jónasson, f. 27.7. 1886, d. 1969, b. á Breiðavaði, og kona hans, Sigurborg Gísladóttir, f. í apríl 1886, d. 1921, húsfreyja.

Ætt

Þórhallur var sonur Jónasar, búfræðings á Eiríksstöðum og á Ketilsstöðum og skólastjóra á Eiðum, bróður Guðríðar, langömmu Ólafs Hallgrímssonar, prests á Mælifelli. Guðríður var einnig móðir Guðlaugar, langömmu Hrafns kvikmyndaleikstjóra og Tinnu leikkonu Gunnlaugsbarna. Jónas var sonur Eiríks, b. á Hafursá, Arasonar Arasonar. Móðir Eiríks var Guðríður Bjarnadóttir, b. á Flögu, Þórarinnssonar. Móðir Jónasar var Þóra Árnadóttir, á Sandfelli litla Stefánssonar, b. á Sandfelli og ættföður Sandfellsættarinnar, Magnússonar. Móðir Árna var Guðrún Erlendsdóttir, b. á Ásunnarstöðum og ættföður Ásunnarstaðaættarinnar, Bjarnasonar.

Móðir Þórhalls á Breiðavaði var Guðlaug Jónsdóttir, b. á Eiríksstöðum á Dal, Jónssonar, og Guðrúnar Gunnlaugsdóttur, b. á Eiríksstöðum, Þorkelssonar, b. á Eiríksstöðum, Einarssonar.

Sigurborg var dóttir Gísla, b. á Hnausum í Meðallandi, Hannessonar, og Sólveigar Þorkelsdóttur, b. á Hólastekk, Þorsteinssonar, b. í Geitavík, Halldórssonar Magnússonar. Móðir Þorkels var Sigríður Ögmundsdóttir. Móðir Sólveigar var Björg Vilhjálmsdóttir, b. á Kirkjubóli, Árnasonar.



Guðlaug Þórhallsdóttir.

Guðlaug verður ekki heima á afmælisdaginn.

Til hamingju með daginn 1. febrúar

85 ára

Margrét Sigurðardóttir,
Kjartansgötu 3, Reykjavík.
Kristinn Jónsson,
Laufási, Hvammstanga.
Herdís D. Benediktsdóttir,
Valbraut 6, Garði.

80 ára

Þorbjörg St. Hansen,
Víðilundi 10e, Akureyri.

75 ára

Kristbjörg Jónsdóttir,
Víðikeri, Bárðdælahreppi.
Guðlaug Þórhallsdóttir,
Breiðavaði 1, Eiðahreppi.

70 ára

Þórarinn Þorbjarnarson,
Þórunnarstræti 132, Akureyri.
Þórður Thorarensen,
Höfðahlíð 5, Akureyri.

60 ára

Kristján Gissurarson,
Eiðum, kennarabúst. 5, Eiðahreppi.
Birna Björnsdóttir,
Ránargötu 24, Akureyri.
Sigríður R. Þorvaldsdóttir,
Brunnstíg 8, Hafnarfirði.
Erlingur Gunnarsson,
Hátúni 10, Reykjavík.

50 ára

Guðbjörn Geirsson,
Króktúni 20, Hvolsvelli.
Ragnheiður Óskarsdóttir,
Brekkuseli 1, Reykjavík.
Pétur H. Björnsson,
Dverghömrum 22, Reykjavík.
Þorsteinn S. Jónsson,
Móabarði 10b, Hafnarfirði.
Steinunn Þorleif Hauksdóttir,
Reykjabyggð 7, Mosfellsbæ.

40 ára

Monika Drzymkowska,
Strandgötu 8, Sandgerði.
Hallfríður A. Matthíasdóttir,
Lágmóa 4, Njarðvík.
Stefán Geir Gunnarsson,
Dverghamri 2, Vestmannaeyjum.
Guðrún Guðlaugsdóttir,
Maríubakka 18, Reykjavík.
Rúnar K. Rósmundsson,
Kjartansgötu 2, Reykjavík.
Ragnheiður Harðardóttir,
Skipholti 50, Reykjavík.

Guðrún Kjartansdóttir

Guðrún Kjartansdóttir snyrtifræðingur, Smáraflöt 26, Garðabæ, er fimmtug í dag.

Starfsferill

Guðrún fæddist í Hafnarfirði og ólst þar upp. Hún lauk gagnfræðaprófi frá Flensborg og síðan prófi 1961 í förðun frá Tískuskóla Sigríðar Gunnarsdóttur. Síðar starfaði Guðrún meðal annars við að farða fegurðardrottningar auk húsmóðurstarfa.

Guðrún og eiginmaður hennar ráku um tíma matvöruverslanirnar Arnarkjör í Garðabæ og Lækjarkjör í Reykjavík og seinna starfaði Guðrún í níu ár á Vátryggingaskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar.

Árið 1984 lauk Guðrún svo einnig námi snyrtifræðings frá Snyrtiskóla Margrétar Hjálmtýsdóttur og stofnaði ári síðar Snyrtihöllina sem hún starfrækti í tæp þrjú ár. Í dag rekur Guðrún heildverslun með Developsnyrtivörur á heimili sínu þar sem hún hefur búið frá 21 árs aldri.

Fjölskylda

Guðrún giftist 29.3. 1964 Gústav Sófussyni, f. 22.6. 1940, fyrrum stýrimanni og skipstjóra, nú eiganda Sælgætis- og Videóhallarinnar í Garðabæ. Hann er sonur Sófusar Emils Hálfdánarsonar og Sylvíu Halldórsdóttur, d. 1966. Sófus dvelur nú á DAS í Hafnarfirði.

Börn Guðrúnar og Gústavs eru: Kjartan, f. 29.12. 1962, framkvæmdastjóri hjá Myndsýn, búsettur í Garðabæ, kvæntur Birnu Hannesardóttur, aðstoðarfulltrúa í Búnaðarbankanum í Garðabæ, og eiga þau Guðrúnu, f. 10.2. 1985; Gústav, f. 27.10. 1964, verslunarstjóri í Sælgætis- og Videóhöllinni í Garðabæ, búsettur í Garðabæ, kvæntur Guðrúnu Sigurfinnsdóttur, aðstoðargjaldkera í Húsasmiðjunni; og Sófus, f. 9.8. 1970, býr í heimahúsum.



Guðrún Kjartansdóttir.

Bróðir Guðrúnar er Ómar Önfjörð Kjartansson, f. 27.7. 1947, húsasmíðameistari, unnusta hans er Herdís Anna Tómasdóttir og á hann tvær dætur frá fyrra hjónabandi.

Foreldrar Guðrúnar voru Kjartan Ingibjörn Guðmundsson, f. 20.10. 1911, d. 1992, vélstjóri frá Ísafirði og Hugborg Guðjónsdóttir, f. 1.7. 1914, d. 1990, húsmóðir frá Hafnarfirði. Þau bjuggu í Hafnarfirði.

Menning

Hvað er fallöxinni ætlað að höggva?

– verk Ians Hamilton Finley á Kjarvalsstöðum

Þegar litið er yfir salina á Kjarvalsstöðum um þessar mundir og fram til 7. febrúar þá blasir við nánast fullt hús af textum í mismunandi útfærslum og uppsetningum: í bókum, á miðum og kortum, römmuðum inn í tengslum við mynd. Leturgerðin er látlaus en oftast dálítið hátíðleg. Stundum er um beinar tilvitnanir að ræða eða þá textinn er frumsaminn. Á sýningunni má líka finna sandblásinn texta á gler eða þá útfærðan beint á vegg með upplýstum neonpípum. Hér er verið að lýsa sýningu á verkum eins helsta myndlistarmanns Skota á síðustu áratugum, Ians Hamilton Finleys (f. 1925), þar sem saman eru komin nær öll verk hans unnin á pappír eða í bækur. Þegar við komumst svo að því að auk ofangreindra verka er Finley einkum þekktur fyrir garðyrkju á landareign sinni að Stonypath í Skotlandi þá ætti áhugi og forvitni að vera vakin hjá hverjum meðallistáhugamanni og gildir þá einu með hvaða rökum þessi iðja gæti verið eða ætti að vera felld undir myndlist. Það ætti engum að koma á óvart að Finley byrjaði feril sinn sem rithöfundur. Hann hefur tilheyrt þeim hópi listamanna sem gengið hafa hvað harðast fram í því að endurskilgreina mörk



Ian Hamilton Finley: Villtur garður.

Myndlist

Hannes Lárusson

og svið listsköpunar. Uppstokkun sem leitt hefur til þess að notkun athafna, hljóðs og texta hefur orðið jafn viðtekinn þáttur í myndlist og að mála með olíu á striga eins og sést vel þegar litið er yfir myndlist síðustu 30 ára, m. a. hér á Íslandi. En fáir listamenn hafa sýnt meiri natni við garðyrkju og landmótun en Ian Hamilton Finley síðustu 25 ár; vafalaust yrðu áhrif hans á íslenska menningu jákvæðust ef listamenn hér teldu sig í auknum mæli getað svalað sköpunarþörf sinni í skógrækt og landgræðslu.

En garðyrkja Finleys er þegar betur er að gáð meira en lítið málum blandin. Úr garði sínum hefur Finley gert táknrænan vígvöll þar sem fram fara sífelld átök milli menningar og náttúru eða öllu heldur milli hönnunar, formunar og upphafningar og þess sem er óheftanlegt og flæðir yfir bakka sína: Apollon og Díonýsos. Það er því ef til vill ekki að undra að það tímabil og stílbragð sem Finley er innlifaðastur í er ný-klassíkin í Frakklandi, einkum eins og hún birtist í kringum umrót stjórnarbyltingarinnar 1789. Einmitt það tímabil þegar hið fágaða, kalda og hárbeitta form menningarinnar virtist komast næst því að hneppa náttúruna í fullkomna fjötra. Hér kallar Finley til leiks ýmsar af hetjum þessa tímbils, skáldið og hugsuðinn Rousseau, byltingarhetjunar Marat og Robespierre, málarann David, svo fáir séu taldir. Einnig grautar hann í ýmsum uppáhaldsgoðsögum (klassískum) þessa tímabils og dregur fram hluti og/eða tákn, svo sem orf, sigðir, byssur, húfur, trumbur, klassískar súlur í mismunandi úfærslum og svo auðvitað frönsku fánalitina en ekki síst fallöxina sjálfa sem Finley virðist hafa sérstakt dálæti á. Ekki hefur alltaf þótt auðvelt að spá í hvað öxi þessari er ætlað að höggva í höndum Finleys en henni hefur allavega stundum tekist að þyrla upp heilmiklum skýjum af heimspekilegu, pólitísku og listrænu ryki. Úr þessu efni moðar Finley fram og aftur með tilvitnunum og samsetningum, ýmist með sjálfstæðum textum, bókum, höggmyndum eða umhverfishönnun. Hann ýjar gjarnan að því að einhvers konar samsvörun sé með ofangreindu efni og þeirri tæknivæddu veröld sem við nú lifum í. Til að undirstrika þessar skírskotanir á Finley stundum til að vera með ýmiss konar tilvitnanir í tól og vélar í nútímavopnabúrum. Og virðist hér stundum mjótt á milli hrifningar og gagnrýni. Í þessu samhengi má einnig spyrja: Hvers eðlis er áhugi Finleys á ný-klassíkinni og stjórnarbyltingunni í Frakklandi? Hrifning eða gagnrýni? Mér hefur sýnst að fram að þessu hafi gagnrýnendur verið svo upprifnir yfir hinu „klassíska“ og um leið sérviskulega sjónar- og hugmyndaspili í verkum Finleys að þeir hafi kosið að leiða alvarlega íhugun um þetta hjá sér. En þess ber að gæta að það er ekkert áhlaupaverk að kynnast verkum sem vega svona einkennilega salt milli myndlistar, umhverfismótunar, skáldskapar og stjórnmála og sem meira er náð að glíma við kjarna málsins á öllum þessum sviðum. Mest af orku listamannsins fer þó óhjákvæmilega í að herja á og umbylta garðinum fyrrnefnda í Stonypath sem vaflaust á eftir að verða hans þekktasta verk. Lykilatriði til að auka skilning á verkunum á sýningunni á Kjarvalsstöðum hefði verið að gera þessum garði ítarleg skil með einhverjum hætti Það er menningarlegt framtak og um leið nokkuð djarft hjá Kjarvalsstöðum að fá svo stóra sýningu hingað með jafn athyglisverðum listamanni. Ég er samt þeirrar skoðunar að gagnlegra hefði verið fyrir skoska myndlist og þá ekki síður íslenska að Kjarvalsstaðir hefðu haft frumkvæðið að því að setja upp sýningu á skoskri myndlist sem hefur hlotið minni almenna viðurkenningu en sú sem hér um ræðir en væri ef til vill í staðinn þeim mun meira í deiglunni. Því þrátt fyrir allt er Finley búinn að vera einn af „gömlu kunningjunum“ í listaheiminum í meira en 20 ár. Ég held að það sé fremur hæpin stefna hjá íslenskum söfnum að reyna ekki í ríkara mæli að hafa frumkvæði í mótun frumlegra og stefnumótandi sýninga, hvort sem um innlend eða erlend verk er að ræða. Hér er oft borið við peningaleysi en skýringuna hlýtur ekki síður að vera finna í almennu sinnuleysi. En sé sýning Ian Hamilton Finley borin saman við sýninguna á verkum Jean-Jacques Lebel um daginn í sömu húsakynnum er augljóst að hér hefur verið stigið stórt skref fram á við því þrátt fyrir allt hefur góð myndlist alltaf eitthvað til síns máls.